

65 **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um að**
 2. maí **Garpsdalssókn, sem nú tilheyrir Staðarhólsþingum, falli til**
Reykhólaprestakalls.

Með vísun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 26. f. m., varðandi framkvæmd ákvæðis 1. gr. XII. 65. tölulið og XIII. 67. tölulið laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, varðandi breytingar á skiptingu sókna milli prestakalla, þannig að Garpsdalssókn, sem nú tilheyrir Staðarhólsþingum í Dölum, falli til Reykhólaprestakalls í Barðastrandarprófastsdæmi, staðfestir ráðuneytið hér með, að það fellst á, að framangreindar breytingar komi nú þegar til framkvæmda.

66
 2. maí

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. **Einstefnuakstur um Þingholtsstræti frá Hellusundi að Spítalastíg og frá Bókhlöðustíg að Bankastræti í norðurátt.**
2. **Bifreiðastöður bannaðar:**
 - a. **Í Ingólfsstræti milli Spítalastígs og Amtmannsstígs austan megin götunnar, en leyfðar vestan megin, þó ekki í 20 m fjarlægð frá næstu húsalinum Spítalastígs og Amtmannstígs.**
 - b. **Á Amtmannsstíg (utan bifreiðastæða).**
 - c. **Í Þingholtsstræti frá Bókhlöðustíg að Spítalastíg.**

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 2. maí 1960.

Sigurjón Sigurðsson.

67
 6. maí

SAMÞYKKT
um forkaups- og forleigurétt á lóðum og fasteignum á Flateyri.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kaupþúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Flateyrarhrepps samþykkt á fundi sínum 15. apríl 1960 að áskilja Flateyrarhreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kaupþúnsins:

1. Allar lóðir og fasteignir Kaupfélags Önfirðinga austan Hafnarstrætis og framlengingu þess til sjávar úr Oddatá.
2. Allar lóðir og fasteignir Ísfells h.f., austan Hafnarstrætis.
3. Allar lóðir og fasteignir sildarverksmiðju ríkisins á Sólbakka.